



**Ræða  
forseta Íslands  
Ólafs Ragnars Grímssonar  
í kvöldverði  
borgarstjóra Bremen  
26. júní 2013**

Virðulegi borgarstjóri  
Kæru gestir

Það er sérstakt ánægjuefni fyrir okkur Íslendinga að heimsækja Bremen, þiggja gott boð yðar og borgarstjórnar, áréttta víðtæk tengsl um langan aldur og ræða ríkuleg tækifæri nýrra tíma, einkum vegna mikilvægis Norðurslóða, siglingaleiða sem mynda munu nýja keðju milli Evrópu og Asíu – og þátttöku Bremen og Íslands í nýtingu auðlinda hafsins.

Í vitund Íslendinga hefur Bremen sérstakan sess í traustri vináttu okkar við Þýskaland; sagan og viðskiptin styrkar stoðir sem greiða götu aukinnar samvinnu.

Heimsókn mín er líka til vitnis um áhuga okkar á framtíð Norðurslóða, samvinnu við Þýskaland og fleiri ríki um sjálfbæra nýtingu á auðlindum í norðri og framtíðarskipan sem byggjast þarf á lögum og rétti, traustum vísindum og virðingu fyrir lífsháttum fólksins sem glímt hefur í árþúsundir við hina ísilögðu og oft hörðu náttúru.

Á morgun fæ ég tækifæri til viðræðna við vísindamenn og sérfræðinga á Alfred Wegener Institut für Polar- und Meeresforschung og mun bjóða þeim til þátttöku í alþjóðlegu samstarfi, Arctic Circle, sem ýtt verður úr vör í Reykjavík í október með viðamiklu þingi í hinum nýju og glæsilegu húsakynnum Hörpu, tónlistar- og ráðstefnuhúss, sem fyrir skömmu fékk ein virtustu arkitektaverðlaun Evrópu.

Áhrifafólk og sérfræðingar af ólíkum sviðum og víða að úr veröldinni – frá Evrópu, Ameríku og Asíu – munu koma saman á þessum nýja vettvangi, Arctic Circle, til að ræða fjölmarga þætti í framtíð

Norðurslóða; til stuðnings starfi Norðurskautsráðsins þar sem Þýskaland er formlegur áheyrnarfulltrúi.

Með heimsókn minni til Bremen, viðræðum við yður, herra borgarstjóri, og við fulltrúa Bremenhafnar, vísindamenn og stjórnendur Alfred Wegener Institut für Polar- und Meeresforschung og fleiri aðila vil ég bjóða einstaklingum, stofnunum, fyrirtækjum og stjórnvöldum í Þýskalandi til þátttöku í hinum nýja umræðuvettvangi Arctic Circle og þannig stuðla að fjölþættum og frjálsum samskiptum okkar um málefni Norðurslóða um leið og við ásamt öðrum ríkjum munum kappkosta sem fyrir að styrkja hið formlega samstarf innan Norðurskautsráðsins.

Um leið og bráðnun íssins á Norðurslóðum er viðvörðun um hættur á óafturkræfum loftslagsbreytingum mun hún á næstu áratugum opna nýjar siglingaleiðir sem gætu orðið eins afdrifaríkar fyrir heimsviðskiptin og Suezskurðurinn og Panamaskurðurinn voru á sínum tíma.

Í þessari nýju heimsmynd viðskiptanna geta Bremen og Ísland, samvinna okkar, skipt miklu máli.

Því fagnaði ég viðræðum sem ég átti í fyrra á forsetasetrinu á Íslandi við fulltrúa Bremenports, sveitarfélaga á norðaustur Íslandi og sérfræðinga frá einu öflugasta verkfræðifyrirtæki okkar. Samstarf þeirra gefur fyrirheit um árangur í framtíðinni og því hlakka ég mjög til fundanna á morgun.

Við metum mikils vináttu yðar og gestrisni og bið ég viðstadda að rísa á fætur og lyfta glösum til heiðurs borgarstjóra Bremen, Jens Böhrnsen, og fyrir framlagi Bremen til farsællar samvinnu Íslands og Þýskalands.